

## Samantekt

Samanburðarskýrslan fjallar um gloppu- og þarfagreininguna sem unnin var sem hluti af Erasmus+ verkefninu „Designing future WELFARE systems“ (mars 2023 til apríl 2024) eða WELFARE. Markmiðið var að greina gloppur í fræðslu og stuðningi við fræðafólk, kennara, nemendur og fagfólk sem tengist evrópskum háskólum er kemur að samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Greiningin og skýrslan verða notuð til að þróa námsskrá, námsefni og kennsluáðferðir sem stuðla að samþættu námi sem stuðlar að inngildingu, samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi í velferðargeiranum. Niðurstöðum verður miðlað á vefsíðu og námsvef WELFARE verkefnisins. Greiningin byggir á samantekt og samanburði á fyrirliggjandi rannsóknum og gögnum, úttekt á framboði á menntun og dæmisögum auk þess sem skipulagðir voru rýnihópar fagfólks og samfélagsfrumkvöðla í öllum fjórum þáttökulöndunum (Belgíu, Grikklandi, Íslandi og Litháen).

Helstu niðurstöður samanburðarskýrslunnar eru eftirfarandi:

- Samfélagsleg nýsköpun og frumkvöðlastarfi eru aðgreind en nátengd hugtök. Þrátt fyrir viðleitni ESB til að samræma skilgreiningar og auka skýrleika, eru skilgreiningar, stefnur og stoðumhverfi mismunandi milli og innan ESB-landanna. Enn skortir samanburðarhæfar og áreiðanlegar upplýsingar og gögn. Þá breytist landslagið stöðugt og hratt.
- Gloppur í stoðumhverfi samfélagslegrar nýsköpunar og frumkvöðlastarfs eru mismunandi eftir þáttökulöndum, Belgíu, Grikklandi, Íslandi og Litháen. Það er talsverð skörun á milli þeirra tækifæra og hindrana sem greindar voru og þeirrar færni og hæfni sem þarf til að stuðla að aukinni samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi fjölbjódlegs samstarfs um þróun menntunar á þessu sviði.
- Fjármál, tengslanet og lagaumgjörð og opinber stefnumótun eru talin til þeirra þátta sem skapa tækifæri eða hindra samfélagslega nýsköpun/frumkvöðlastarfi.
- Sú hæfni og færni sem talin er mikilvægust til að vinna að samfélagslegri nýsköpun og frumkvöðlastarfi í þáttökulöndunum eru sköpunargáfa, gagnrýnin hugsun, opin hugur, frumkvöðlahugsun (t.d. sjálfstraust, ákveðni, leiðtogahæfni og seigla), sem og



Co-funded by  
the European Union



mjúk færni (t.d., virk hlustun, samvinna, lausnamiðun, samkennd, samstarfsfærni, hugsa og skapa út fyrir kassann og tengslavinna).

- Hagaðilar sem tóku þátt í rýnihópum og þróun WELFARE verkefnisins voru fulltrúar ólíkra geira samfélagsins (quadruple helix model of innovation) eða, akademíu, atvinnulífs, notenda, þriðja geirans og stjórnvalda.

Ítarlegri upplýsingar má finna í [Comparative GAP analysis report](#) á ensku.

